

Alþingi  
b.t. undirbúningsnefndar fyrir rannsókn kjörbréfa  
101 Reykjavík

Álftanes, 28. október 2021

### **Efni: Upplýsingar frá yfirkjörstjórn í Suðvesturkjördæmi**

Vísað er til bréfs Rögnu Árnadóttur, skrifstofustjóra Alþingis, dags. 25. október 2021, þar sem óskað er eftir upplýsingum vegna meðferðar á bókun umboðsmanna á úthlutunarfundi landskjörstjórnar þann 1. október síðastliðinn.

Í nýafstöðnum alþingiskosningum voru talinn utankjörfundaratkvæði samtals 15.184. Upplýsingar um þann fjölda utankjörfundaratkvæða sem ekki voru tekin til greina við alþingiskosningarnar er að finna í gerðarbókum kjörstjórna sveitarfélaganna sem sjá um flokkun þeirra. Þar kemur fram að 160 atkvæði voru ekki tekin til greina í Suðvesturkjördæmi (sjá sundurliðun eftir sveitarfélögum):

Garðabær 31 atkvæði, Hafnarfjörður 40 atkvæði, Kjósarhreppur 1 atkvæði, Kópavogur 59 atkvæði, Mosfellsbær 27 atkvæði, Seltjarnarnes 2 atkvæði.

Ástæður þess að utankjörfundaratkvæðin voru ekki tekin til greina eru að skilyrði 91. gr. laga nr. 24/2000 voru ekki uppfyllt. Algengustu ástæður þess var að sendandi væri búinn að greiða atkvæði eða ágallar voru þannig að undirritun kjörstjóra eða kjósanda vantaði.

Í tveimur stærstu sveitarfélögum kjördæmisins þar sem flest utankjörfundaratkvæði eru, þ.e. Hafnarfirði og Kópavogi, hafa yfirkjörstjórnir sveitarfélaganna nýtt sér heimild skv. 4. mgr. 73. gr. laga nr. 24/2000 og hafið flokkun utankjörfundaratkvæða daginn fyrir kjördag. Í Hafnarfirði kom yfirkjörstjórn saman ásamt varamönnum í bæjarráðssalnum að Strandgötu 6 í Hafnarfirði um kl. 15.00 daginn fyrir kjördag. Í Kópavogi var komið saman á 2. hæð í Smáranum (kjörstaður á 1. hæð) kl. 14:00. Þar voru utankjörfundarkassar frá sýslumanni opnaðir og innsigli rofin af formanni yfirkjörstjórnar að viðstöddum öðrum yfirkjörstjórnarmönnum, hverfiskjörstjórnarmönnum, varamönnum og sérstökum starfsmönnum kjörstjórna.

Utankjörfundaratkvæðin voru því næst meðhöndluð í samræmi við 1. mgr. 73. gr. laga nr. 24/2000, þ.e. kannað hvort kjósandi væri á kjörskrá, sendiumslagið opnað og kannað hvort atkvæðið skyldi tekið til greina. Fylgibréfið ásamt kjörseðilsumslaginu var sett í sendiumslagið á ný. Utankjörfundaratkvæðin voru í framhaldi af athugun sett í kjörkassana á ný sem síðan voru læstir og innsiglaðir

fram til kjördags. Vafaatkvæði voru tekin til hliðar, innsigluð með öðrum atkvæðum og úrskurðað var um gildi þeirra á kjördag. Innsiglaðir kassar með utankjörfundatkvæðum voru fluttir af yfirkjörstjórnarmönnum á kjörstað, í þeim tilfellum þar sem þurfti að fara út af kjörstað, þar sem þeir voru varðveittir í öruggu rými. Formaður yfirkjörstjórnar innsiglaði rými sem gögnin voru geymd í að viðstöddum aðilum í yfirkjörstjórn og varamönnum ásamt öðrum innsigluðum kjörgögnum.

Í Garðabæ, Mosfellsbæ og Seltjarnarnesi fór flokkun utankjörfundaratkvæða fram á kjördag. Flokkun atkvæða hófst klukkan 10:00 og voru innsigli á kjörkössum með utankjörfundaratkvæðum rofin af fulltrúa yfirkjörstjórnar að viðstöddum aðilum í yfirkjörstjórn, varamönnum og eftir atvikum umboðsmönnum. Í Kjósarhreppi fór flokkun utankjörfundaratkvæða fram eftir að kjörfundi lauk sem var klukkan 20:00. Á öllum þessum stöðum fór fram flokkun á utankjörfundaratkvæðum á kjörstað nema í Garðabæ þar sem flokkunin fór fram, umslög voru opnuð og kannað hvort atkvæðið skyldi tekið til greina í Fjölbautarskólanum í Garðabæ við hliðina á kjörstað sem var í Mýrinni. Að því loknu voru þau flutt undir eftirliti kjörstjórna á kjörstað í Mýrinni og á Álftanes.

Í öllum sveitarfélögum í Suðvesturkjördæmi voru utankjörfundaratkvæðin flokkuð eftir kjördeildum í læstri stofu á kjörstað eða í næsta nágrenni við kjörstað undir eftirliti kjörstjórna. Við lok kjörfundar fóru yfirkjörstjórnarmenn með utankjörfundaratkvæðin í kjördeildir sem meðhöndluðu utankjörfundaratkvæðin í samræmi við 90. - 95. gr. laga nr. 24/2000.

Umboðsmönnum flokka gafst færi á að vera viðstaddir framkvæmd kosninga, s.s. við kassaskipti, úrskurði utankjörfundaratkvæða o.fl. Þá var umboðsmönnum sérstaklega leiðbeint varðandi meðferð utankjörfundaratkvæða á upplýsingarfundi með umboðsmönnum daginn fyrir kjördag, þ.e. að þau yrðu sótt til sýslumanns af kjörstjórnnum sveitarfélaganna til flokkunar. Þá fengu umboðsmenn upplýsingar frá kjörstjórnnum einstakra sveitarfélaga og gátu fylgst með framkvæmdinni.

f.h. yfirkjörstjórnar Suðvesturkjördæmis,  
Huginn Freyr Þorsteinsson

